

EFNI: Umsögn um 376. mál, lagafrumvarp um sölu fasteigna og skipa

Í eldri lögum um sölu fasteigna og skipa var gert ráð fyrir því að þeir sem hlotið hefðu héraðsdómlögmanns eða hæstaréttarlögmannsréttindi þyrftu ekki að taka sérstakt próf til að öðlast löggildingu til sölu fasteigna og skipa. Þetta ákvæði er ekki að finna í nýjum lögum né í frumvarpi því sem nú er til umfjöllunar. Lögmannafélagið skilaði inn ítarlegri greinargerð við vinnslu laga nr. 70/2015 þar sem því var mótmælt að lögmenntur hefðu ekki lengur þau réttindi að geta fengið löggildingu án próftöku. Í fyrsta frumvarpi því sem varð að lögum nr. 70/2015 var ákvæði þess efnis að héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenntur þyrftu ekki að þreyta prófraun en því ákvæði var kippt út.

Hvorki er í lögum nr. 70/2015 né frumvarpi þessu minnst á það hvernig lögmenntur geti náð sér í réttindi til fasteignasölu, nema sitja 90 eininga ETC nám, sem þeir hafa að langstærstum hluta lokið með lögfræðimenntun sinni.

Er því nauðsynlegt að aftur verði setti inn ákvæði þess efnis að lögmenntur geti hlotið löggildingu án prófraunar, eða þá að fram komi hvaða kúrsa í löggildingarnámi þeir þurfi að taka til þess að hljóta löggildingu. Það sér það hvert mannsbarn að það er algjörlega fáránlegt að ætlast til þess að lögmenntur sem lokið hafa 5 ára háskólanámi þurfi að sitja 90 einingar í háskóla til að hljóta löggildingu til fasteignasölu, og má benda á umsögn lögmannafélags Íslands frá 30. apríl 2015 í því samhengi.

Telji nefndin, þrátt fyrir mjög svo málefnaleg og góð rök lögmannafélagsins, að ekki sé unnt að leyfa lögmenntum að hljóta löggildingu án prófraunar, er lágmark að starfsmenn fasteignasölu, sem annað hvort hafa öðlast lögmannsréttindi eða lokið 5 ára lögfræðimenntun hafi sömu réttindi og nemar í löggildingu til fasteignasölu. Taka þarf því tillit til þessara starfsmanna við núverandi breytingar á lögum.

Sverrir Sigurjónsson, lögfræðingur